

FLOKKSSTJÓRNARFUNDUR SAMFYLKINGARINNAR 16. MARS 2019

Tillaga til ályktunar

Ísland er eitt ríkasta land í heimi miðað við fólksfjölda. Það er ríkt af auðlindum, hugviti og traustum innviðum og stofnunum. Ísland er eitt Norðurlanda og sem slíkt ber því skylda til að leggja sitt af mörkum til jafns við þau þegar kemur að þróunarsamvinnu.

Samfylkingin mun því næst þegar hún er í ríkisstjórn hækka framlög Íslands til þróunarsamvinnu til jafns við það gerist á öðrum Norðurlöndunum eða í kringum 0,7% af vergum þjóðartekjum (VPT). Árið 2017 námu framlögin 0,31% af VPT og stefna núverandi ríkisstjórnarinnar um að hækka framlögin upp í 0,35 lýsir í raun metnaðarleysi að mati Samfylkingarinnar. Þetta er engan veginn ásættanlegt fyrir land sem hefur svo mikið að gefa. Meginmarkmið íslenskrar þróunaraðstoðar eru að styðja stjórnvöld í þróunarlöndum við að útrýma fátækt og hungri, stuðla að efnahags- og félagslegri þróun, þ.m.t. mannréttindum, menntun, bættu heilsufari, jafnrétti kynjanna og sjálfbærri þróun og að tryggja öryggi á alþjóðavettvangi, m.a. með því að stuðla að friði og gæta hans, vinna að uppbyggingu og veita mannúðar- og neyðaraðstoð.

Á þessum sviðum eru tröllauknar áskoranir. Því er lágmarkskrafa að ríkt land á borð við Ísland geri sitt ítrasta í þessum efnum og að því mun Samfylkingin vinna, hvort sem hún er í stjórn eða stjórnarandstöðu.

Flutningsmenn: